

## SAMÞYKKT

### fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Bolungavíkur.

#### 1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Bolungavíkur. Heimili þess og varnarping er í Bolungavík.

#### 2. gr.

Félagssvæðið eru þessar jarðir:

Ós, eigendur Guðbergur Þórðarson, Jens M. Jensson og d.b. J. S. Edwald.  
Gil, eigandi Valdimar Samúelsson.

Hanahóll, eigandi Hjörtur Sturlaugsson.

Mýdalur, eigendur Guðrún Ólafsdóttir, Pétur Ólafsson og Friðrik Teitsson.

Geirastaðir, eigandi Kristján Ólafsson.

Hóll, eigendur Helga Ólafsdóttir, Jóna I. Jónsdóttir og Stefán S. Hjaltdal.

#### 3. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að stunda laxaklak,
2. að reka laxveiði og silungsveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir.

#### 4. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Mýdalsvatni ásamt öllum ám og lækjum, sem að því renna, og einnig á þeirri og ósi, er rennur frá því til sjávar, og lækjum, er í hann renna. Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, sem land eiga að nefndum vötnum.

#### 5. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax og silung í vötnum þessum nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitímann og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

#### 6. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim einstökum mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi ekki vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu. Aldrei má leigja veiði þessa til lengri tíma en 10 ára.

## 7. gr.

8

Félagið rekur lax- og silungsveiði við fyrrnefnd vötn og ræður mann til að standa fyrir veiðinni; nefnist hann veiðistjóri. 23. jan.

## 8. gr.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðarinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

## 9. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

## 10. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á vixl, þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár og annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamdi, eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

## 11. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra og klakstjóra og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þá samninga. Hún hefir eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt, og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

## 12. gr.

Aðalfund ræður félagið í janúarmánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur:

- sé hann boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarfnis getið í fundarboði,

- sé meiri hluti stjórnar og  $\frac{2}{3}$  félagsmanna mættir á fundinum.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninganna. Hann kveður á um laun stjórnar og annara starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema um breytingar sé að ræða á samþykktum eða félagsslit.

8

13. gr.

23. jan.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir þess, og tilgreinir fundarefni.

14. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðanir til úrskurðar.

15. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þess leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmaður fundur samþykkir og undirrituð er af  $\frac{2}{3}$  félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram næstu 10 ár.

16. gr.

Eigi má úthluta arði samkv. 15. grein fyrr en eftir aðalfund, enda sé tekjuafgangur á ársreikningi félagsins. Aðalfundur getur samþykkt að halda eftir allt að 30% af tekjuafgangi, er færast í félagssjóð. Verði útgjöld meiri en tekjur, skal jafna þeim niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, er arðskrá ákveður.

17. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 500 krónum og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í sýslusjóð.

18. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt, nema  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykki breytingu á aðalfundi.

19. gr.

Félaginu má ekki slíta, nema  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykki það.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*